

Reikningságrip

206

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1881.

Tekjur:

	Kr. A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1880 (stjórnartíð. 1881 B. 178)	66537 98
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins	2537 27
3. Innborgun af lánum einstakra manna	2437 78
4. Ný skuldabrfjef, er sjóðurinn hefir eignazt	2500 00
Tekjur samtals	74013 03

Gjöld:

	Kr. A.
1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur, veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi	2525 00
2. Lánað út á árinu	2500 00
3. Til jafnaðar móti 3. tekjulið	2437 78
4. Eptirstöðvar við árslok 1881:	kr. a.
a. ríkisskuldabrfjef	29190 00
b. skuldabrfjef einstakra manna	36767 49
c. ógoldnir vextir	132 00
d. í peningum	460 76
Gjöld samtals	66550 25
	74013 03

Reykjavík, 14. janúar 1882.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturundöminu um stjórnarkornslán. — Með brjefi frá 6. þ. m. senduð þjer mjer, herra amtmaður, erindi sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem hann fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi áfrýjar úrskurði yðar frá 10. október f. á., er kveður Gunnar nokkurn Gunnarsson sveitlægan í þessum hreppi; þar að auki hefi jeg meðtekið hin eldri skjöl þessa máls, og er því varið, eins og nú segir.

207
24. okt.

Tjeður Gunnar er föddur í Hrunamannahreppi, og átti þar sveit, þegar hann voríð 1863 settist að í Vatnsleysustrandarhreppi, sem búandi á Ásláksstöðum. Veturinn 1874—75 varð hann þurfandi sveitarstyrks, og komst það þá upp, að hann snemma á árinu 1868 hafði fengið að láni hálfa tunnu af «stjórnarkorni», og að hann enn væri í skuld um 2 rd. 87 sk. eða 5 kr. 81 e. af andvirði þess, og að hann þar að auki væri í skuld við sveitina um 4 rd. 16 sk. útsvar, er hafði fallið til borgunar, áður en hann var búinn að dvelja 10 ár í hreppnum, og hjelt þar eptir hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps í brjefi til yðar, herra amtmaður, frá 18. desbr. 1875 því fram, að þessar skuldir Gunnars hefðu verið því til fyrirstöðu, að hann áynni sjer framfærslurjett þar í hreppi.

Hvað nú fyrst snertir skuld hans til Vatnsleysustrandarhrepps fyrir ógreidd útsvör, þá getur hún alls enga þýðingu haft í þessu máli, því samkvæmt 6. grein reglugjörðar 8. janúar 1834 og 1. grein opins brjefs 6. júlí 1848 er 10 ára samfleytt dvöl í einhverjum hreppi, án þess að hafa notið nokkurs styrks af sveitinni, nægileg til að útvega manni rjett til framfærslu í dvalarhreppnum; öll dvölin á að hafa átt sjer stað, eptir að maðurinn hafði náð 16 ára aldri, en hvergi er það gjört að skilyrði fyrir fram-

24. dag nóvbrmánaðar 1882.

207 færsurjettinum, að hlutaðeigandi hafi galdið til sveitar eða staðið í skilum með sveit-
24. okt. arútsvör sín.

Það er ekki alveg ljóst af skjölum málsins, hvernig á stjórnarkorni því, er Gunnar 1868 fækk lán af, hafi staðið. Það virðist hafa verið lán, er landsstjórnin hafði útvegað til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi, og hefir hreppsnefnd Hruna-mannahrepps haldið því fram, að lán þetta hafi síður verið ætlað þurfamönnum til styrktar, en ýmsum öðrum hreppsþúum, er sökum harðæris hafi verið komið í bjarg-ræðisþröng um stundarsakir, og að þessir hreppsþúar hafi þrátt fyrir þetta lán haldið óskertum borgaralegum rjettindum sínum. Þetta álit styðst af vottorði, er áfrýjendurnir hafa útvegað frá Guðmundi bónda í Landakoti Guðmundssyni, sem var hreppstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi um það leyti, er hreppurinn tók við stjórnarlánu, og sýnir það, að vorið 1869 hefir hreppstjórinn gefið út «lista» til allra þeirra manna, sem «skulduðu stjórninni fyrir korn» og að þar hefir verið «tilgreind skuldarupphæð hvers «manns með áfallandi 1 árs «rentu»». Reyndar hafa áfrýjendurnir, eptir að hinn áfrýj-aði amtsúrskurður var kveðinn upp, haldið því fram, að sveitin jafnframt stjórnarlánu hafi tekið lán hjá kaupmanni í Reykjavík handa ómögum sínum, og að vel geti verið, að Gunnar hafi fengið styrk af þessu láni og ekki af stjórnarlánu; en framburður þessi kemur meðal annars í bága bæði við skýrslu Gunnars og við hið nefnda vottorð hrepp-stjórans, þar sem beinlínis er tekið fram, að Gunnar hafi verið einn í tölu þeirra, er krafðir hafa verið um stjórnarlánið með vöxtum.

Með því nú að Gunnar enn fremur hefir borið, að hann hafi ekki borgað eptir-stöðvarnar af stjórnarlánsskuldinni, af því að hreppstjórinn neitaði að taka fisk upp í þær og síðan ekki krafði hann um þær — með því, að Vatnsleysustrandarhreppur, hvað sem öðru líður, fyrst á árinu 1875 eða rúmum 7 árum eptir, að Gunnar fækk nefnt lán, tilkynnti það framfærslu sveit hans,— og með því loksins að hreppstjórinn varla myndi hafa heimtað vexti af sveitarláni, enda hefði engin heimild verið til þess, verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að það hafi ekki verið nægilega sannað, að hið opt nefnda lán hafi verið sveitarstyrkur, og skal því hinn áfrýjadi úrskurður yðar, sem er byggður á 12 ára dvöl Gunnars í Vatnsleysustrandarhreppi, 1863—1875, óraskaður standa.

Þetta vilduð þjer tilkynna hlutaðeigöndum.

208

3. nóv.

Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 5. f. m. samþykkt, að stofnaður hefir verið frá 1 júlí þ. á. brjefhirðingarstaður í Jökulsárhlíð, á Hrafnabjörgum, á aukapóstleið þeirri, sem í fyrra var lögð frá Höfða í Vallahreppi til Vopnafjarðar, sjá 2. staðlið auglýsingar landshöfðingja frá 5. des. f. á. (B.—134).

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 3. nóv. 1882.

Í fjarveru landshöfðingja

Bergur Thorberg

settur.

Jón Jónsson.